

Hljómplötur

Fyrsta íslenska hljómplatan var 78 snúninga, tekin upp í Kaupmannahöfn 1910. Upp úr miðri 20. öldinni verða miklar breytingar á miðlun tónlistar þegar hæggengar og sveigjanlegri vinylplötur koma til sögunnar. Íslenzkir tónar gáfu út fyrstu íslensku 45 snúninga plöturnar 1954. Fyrsta 33 snúninga platan (LP) kom út 1956. Allar íslenskar hljómplötur voru lengst af framleiddar erlendis með talsverðum tilkostnaði, eða þar til fyrirtækið Alfa í Hafnarfirði fór að pressa hljómplötur árið 1980. Þessar innlendu plötur þóttu lengi vel góður kostur fyrir tónlistarmenn sem voru að stíga sín fyrstu skref. Meðal annarra létu Sykurmolarnir pressa sína fyrstu 45 snúninga plötu, *Einn mol á mann*, hjá Alfa árið 1986.

Snældur/kassettur

Þegar snældur eða kassettur komu fram varð aðgengilegra að gefa út hljóðritanir. Fyrsta íslenska snældan kom út 1974 og voru snældurnar framleiddar erlendis fyrstu árin. Framleiðsla hófst á snældum hérlandis 1980 þegar Alfa í Hafnarfirði hóf að bjóða upp á þá þjónustu og fylgdu fleiri í kjölfarið. Vísnavinir gáfu út fyrstu alíslensku snælduna, *Vísna kvöld I*, árið 1980, en þar má m.a. heyra Bubba Morthens flytja *Ísbjarnarblús*, og er þetta fyrsta lagið sem kom út í flutningi hans. Snælduútgáfa stóð í blóma næstu árin og þótti mjög ódýr kostur og fyrirhafnarlítið að gefa út á þessu formi.

Fjölritun

Á seinni hluta 20. aldar voru starfandi nokkrar fjölritunarstofur sem buðu upp á ódýrari prentun en áður hafði tíðkast. Upp úr 1950 fengu Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar, Offsetfjölritun og Letur offsetfjölritunarvélar, en fram að því var stensilfjölritun ráðandi. Offsetprentarar fóru um 1960 í mál við Letur, sem Sigurjón Þorbergsson rak, þar sem þeir töldu stofuna taka að sér prentun án löggildingar. Hjá Letri var eftir það fjölritað án þess að nota ljósnæmar plötur til þess að brjóta ekki á rétti offsetprentara. Letur var mjög vinsæl fjölritunarstofa meðal ungskálda á áttunda og níunda áratugnum. Nú má segja að fjölritunarhringnum sé lokað, því Sigurjón fjölritar á ný með stensli. Stensill og Offsetfjölritun voru einnig í fjölritaútgáfu á árunum 1977-1997, aðallega kennslubókum.

Stafræn prentun

Um 1997 fóru fjölritunarstofur að notast við ljósritunar-tækni og gátu höfundar þá gefið út í meira mæli sjálfir, en gallinn við þá tækni var að prentduftið sem notað var entist aðeins í nokkur ár. Stafræn prentun hófst hérlandis um 2001 en það var ekki fyrr en 2004 þegar Leturprent tók í notkun fyrstu stafrænu bókaprentlínuna sem var viðurkennd af Félagi bókasafnsfræðinga í Evrópu að stafræn einkaútgáfa stórstjókst. Nú var hægt að framleiða frá einu eintaki upp í þúsundir eintaka á hagkvæmari hátt en þekkst hafði fram til þess tíma. Ekki var lengur þörf á að ákveða endanlegt upplag fyrirfram heldur prenta samkvæmt eftirspurn.

Myndbönd og mynddiskar

Kvikmyndagerð hófst fyrir alvöru hér á landi um 1980 og einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hófu starfsemi um miðjan níunda áratuginn. Bergvík hóf útgáfu íslenskra kvikmynda á VHS-myndböndum 1983. Um aldamótin 2000 höfðu DVD-mynddiskar lækkað talsvert í verði og innlend fyrirtæki eins og Myndbandavinnslan hófu að bjóða upp á fjölföldun mynddiska. Þar með varð aðgengilegra að gefa út kvikmyndir í litlu upplagi.

Geisladiskar

Stafræn hljóðritunartækni kom til sögunnar um 1985 og í kjölfarið kom geisladiskurinn fram á sjónarsviðið. Fyrstu geisladiskarnir með tónlist hljóðritaðri hérlandis komu út 1987 með söng Kórs Langholtskirkju og Pólýfónkórsins og einnig komu út *Frelsi til sölu* með Bubba Morthens og *Borgarbragur* Gunnars Þórðarsonar. Fyrsta geislasmáskífan, *Birthday* með Sykurmolunum, kom út 1988. Framleiðslan var erlendis þar til Myndbandavinnslan fékk árið 1997 búnað til eigin framleiðslu á geisladiskum sem höfðu þá lækkað í verði. Þar með varð aðgengilegra að framleiða tónlist og hljóðbækur í litlu upplagi á geisladiskum.